

# Ábendingar fyrir Sveitarfélagið Ölfus varðandi atkvæðagreiðslu 18. maí til 1. júní

## GB STJÓRNSÝSLURÁÐGJÖF 15. MAÍ 2024

### Tilefni

Undirritaður vísar til tölvupósts frá bæjarstjóra Ölfuss dags. 15. maí. Með erindinu fylgdi afrit af bréfi frá forstjóra First Water fiskeldisfyrirtækisins þar sem lýst er mikilli andstöðu við þau skipulagsáform sem ætlunin er að íbúar greiði atkvæði um í almennri atkvæðagreiðslu sem mun standa yfir 18. maí til 1. júní. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að niðurstaða atkvæðagreiðslu verði bindandi fyrir bæjarstjórn, sbr. 3. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Í erindi bæjarstjóra kemur fram að bæjarstjóri vilji kanna lögmæti þess að fresta íbúakosningunni, ef til þess kemur að bæjarstjórn vilji ræða þann möguleika. Komi fram svo eindregin sjónarmið frá mikilvægum hagaðila. Þessi hagaðili hafi fram til þessa ekki tekið þátt í formlegu samráðsferli um málið samkvæmt skipulagslögum.

### Lagaumgjörð

Fyrirhuguð atkvæðagreiðsla er auglýst á grundvelli 107. gr. sveitarstjórnarlaga en um nánari framkvæmd fer samkvæmt reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023.

Hvorki löginn né reglugerðin hafa að geyma ákvæði um hvort sveitarstjórn geti ákveðið að fresta framkvæmd atkvæðagreiðslu eftir að hún hefur verið auglýst. Ekki er heldur hægt að draga neinar ályktanir af lagarammanum um á hvaða tímapunkti kunni að vera of seint að taka slíka ákvörðun, en almennt má ætla að slík frestun hljóti að orka tvímælis eftir að atkvæðagreiðsla er hafin.

Til hliðsjónar við skoðun málsins má líta til 108. gr. sveitarstjórnarlaga, þar sem segir:

Ef minnst 20%<sup>1</sup> af þeim sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi óska almennrar atkvæðagreiðslu meðal allra íbúa sveitarfélagsins skv. 107. gr. skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Af ákvæðinu má að lágmarki draga þá ályktun að ákvörðun sveitarstjórnar um að fresta framkvæmd auglýstrar atkvæðagreiðslu sé háð þeirri takmörkun að nýrri atkvæðagreiðslu þurfi að ljúka innan árs frá því beiðni um atkvæðagreiðslu berst.

### Álit varðandi frestun

Það er álit undirritaðs að ef um er að ræða atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. megi ætla sveitarstjórnnum meira svigrúm til ákvarðana um frestun atkvæðagreiðslu, þótt slíkar ákvarðanir hljóti eðli máls samkvæmt alltaf að heyra til algerra undantekninga.

---

<sup>1</sup> Í ákvæðinu kemur fram að sveitarstjórn getur ákveðið hærra hlutfall en 20% til að undirskriftasöfnun verði bindandi.

Þar sem hvorki sveitarstjórnarlög né reglugerð um íbúakosningar hafa að geyma efnisreglur um mögulegar ástæður sem gætu réttlætt frestun atkvæðagreiðslu má líklega draga þá ályktun að það sé sveitarstjórnar að meta hvort málefnalegar ástæður séu til slíkrar ákvörðunar.

Að áliti undirritaðs orkar verulega tvímælis að ákveða frestun eftir að atkvæðagreiðsla sé hafin, þótt ekki sé með öllu hægt að útiloka atvik sem leitt gætu til slíkrar niðurstöðu, svo sem náttúruhamfarir.

## Að lokum

Sveitarstjórn er sá aðili sem tekur ákvörðun um að boða til atkvæðagreiðslu og er því einnig sá aðili sem er til þess bær að endurskoða ákvörðun eða fresta atkvæðagreiðslu um tilgreindan eða eftir atvikum ótilgreindan tíma. Slík ákvörðun verður einungis tekin á löglega boðuðum sveitarstjórnarfundum, sem getur verið aukafundur.

Undirritaður mælir eindregið með að skýr rökstuðningur fylgi ákvörðun sveitarstjórnar enda er um mjög óvenjulega ákvörðun að ræða. Rökstuðningur ætti að tilgreina hvaða atvik hafi leitt til ákvörðunar og mögulega einnig hvaða skilyrði eða gögn þurfi að liggja fyrir áður en atkvæðagreiðsla getur farið fram.

*Reykjavík 15. maí 2024*  
*Guðjón Bragason*  
*GB stjórnarsýsluráðgjöfl slf.*